



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

### Fundargerð.

340. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 5. febrúar 2014 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Gunnars Þorgeirssonar

Ingvar Grétar Ingvarsson

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

#### 1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. janúar 2014.

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. janúar 2014 liggur frammi á fundinum.*

#### 2. Fundargerðir.

##### a) 67. fundur Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, 30. janúar 2014.

###### Mál nr. 7, 12, 13 og 14 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

*Lögð fram 67. fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, dags. 30. janúar 2014. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;*

**Mál nr. 7:** Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

*Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa fram til 30. janúar 2014.*

**Mál nr. 12:** Askbr. Grímsnes og Grafn. – Miðengi\_Bústjórabyggð

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir breytingu á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Mál nr. 13:** Dskbr. Miðengi - Bústjórabyggð

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og frestar afgreiðslu málsins.*

**Mál nr. 14:** Fyrirspurn\_Tjarnarholtsmýri 15

*Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.*

##### b) Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árneshöfði (NOS), 21. janúar 2014.

*Fundargerðin lögð fram.*

##### c) Fundargerð 16. fundar Almannaþingarnefndar Árneshöfði, 6. desember 2013.

*Fundargerðin lögð fram.*



**SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS**

**3. Hækkun á yfirdráttarheimild.**

*Fyrir liggur tillaga frá sveitarstjóra að yfirdráttarheimild á bankareikning sveitarfélagsins verði hækkuð um 30 milljónir króna til 15. maí n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að óska eftir þessari hækkun hjá viðskiptabanka sínum.*

**4. Bréf frá Landgræðslu ríkisins vegna afgreiðslu umsóknar Grímsnes- og Grafningshrepps til Landbótasjóðs 2014.**

*Fyrir liggur bréf frá Landgræðslu ríkisins, dagsett 24. janúar 2014 þar sem Grímsnes- og Grafningshreppi hefur verið úthlutað styrk að fjárhæð kr. 280.000 úr Landbótasjóði Landgræðslunnar.*

**5. Bréf frá Reyni Karlssyni hrl. f.h. Hannesar G. Ingólfssonar vegna hitaveitu að Litla-Hálsi.**

*Fyrir liggur bréf frá Reyni Karlssyni hrl. f.h. Hannesar G. Ingólfssonar, dagsett 9. janúar 2014 vegna hitaveitu að Litla-Hálsi. Sveitarstjórn vísar erindinu til lögmanns sveitarfélagsins Sigurðar Jónssonar hrl.*

**6. Svarbréf frá Sigurði Jónssyni hrl. f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps til Reynis Karlssonar vegna hitaveitu að Litla-Hálsi.**

*Lagt fram svarbréf frá lögmanni sveitarfélagsins, Sigurði Jónssyni hrl, við bréfi frá Reyni Karlssyni hrl. f.h. Hannesar G. Ingólfssonar, dagsett 28. janúar 2014 vegna hitaveitu að Litla-Hálsi. Sveitarstjóra falið að gera nauðsynlegar breytingar á bréfinu í samráði við lögmann sveitarfélagsins. Málinu frestað.*

**7. Bréf frá Óbyggðanefnd um kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum ásamt Langjökli og opinber kynning óbyggðarnefndar á þeim.**

*Fyrir liggur bréf frá Óbyggðanefnd, dagsett 20. janúar 2014 um kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum ásamt Langjökli og opinber kynning óbyggðarnefndar á þeim. Sveitarstjórn felur lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að fara yfir málið og gæta hagsmuna sveitarfélagsins.*

**8. Bréf frá Skipulagsstofnun um þátttöku í samráðsvettvangi vegna mótunar landsskipulagsstefnu 2015 – 2026.**

*Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 20. janúar 2014 um þátttöku í samráðsvettvangi vegna mótunar landsskipulagsstefnu 2015 – 2026. Erindið lagt fram.*

**9. Beiðni um styrk frá NKG-verkefnalausnum til innleiðingar á nýsköpunarmennt í grunnskólum.**

*Fyrir liggur beiðni um styrk að fjárhæð kr. 35.000 – 250.000 frá NKG-verkefnalausnum til innleiðingar á nýsköpunarmennt í grunnskólum. Sveitarstjórn hafnar erindinu.*



**SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS**

- 10. Beiðni um styrk frá Samanhópnum til framleiðslu á forvarnarmyndbandi þar sem foreldrar eru hvattir til að gera eitthvað saman með börnum sínum og huga að velferð þeirra.**

*Fyrir liggur beiðni um styrk að fjárhæð kr. 50.000 frá Samanhópnum til framleiðslu á forvarnarmyndbandi þar sem foreldrar eru hvattir til að gera eitthvað saman með börnum sínum og huga að velferð þeirra. Sveitarstjórn hafnar erindinu.*

- 11. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um útlendinga (EES-reglur og kæruneft), 249. mál.**

*Frumvarpið lagt fram.*

- 12. Bréf frá iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Ragnheiði Elínu Árnadóttur þar sem lögð er áhersla á að hitaveitur, dreifiveitur og flutningsfyrirtæki raforku gæti ýtrasta aðhalds og varkárni við gjaldskrárbreytingar.**

*Fyrir liggur bréf frá iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Ragnheiði Elínu Árnadóttur, dagsett 13. janúar 2014 þar sem lögð er áhersla á að hitaveitur, dreifiveitur og flutningsfyrirtæki raforku gæti ýtrasta aðhalds og varkárni við gjaldskrárbreytingar. Erindið lagt fram.*

- 13. Bréf frá forseta ASÍ, Gylfa Arnbjörnssyni þar sem skorað er á sveitarfélög að hækka engar gjaldskrár fyrir þjónustu.**

*Fyrir liggur bréf frá forseta ASÍ, Gylfa Arnbjörnssyni, dagsett 13. janúar 2014 þar sem skorað er á sveitarfélög að hækka engar gjaldskrár fyrir þjónustu. Erindið lagt fram.*

- 14. Verksamningur um lokafrágang nýrrar skólabyggingar.**

*Fyrir liggur verksamningur við Pálmatré ehf. um lokafrágang nýrrar skólabyggingar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tilboð Pálmatrés ehf. og felur sveitastjóra / oddvita að undirrita verksamning.*

**Til kynningar**

- ✓ Hestamannafélagið Trausti, ársreikningur 2013.
- ✓ Markaðsstofa Suðurlands, framvinduskýrsla október 2013 til janúar 2014.
- ✓ Aðalfundarboð Landssamtaka landeigenda á Íslandi þann 20. febrúar 2014.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:50